

Tilkynningar farsóttanefndar Landspítala til starfsmanna og nema sem fara á milli starfseininga:

Úr tilkynningu farsóttanefndar 21. mars 2020:

c. „Starfsmenn og nemar sem fara á milli starfseininga: Farsóttanefnd beinir þeim tilmælum til stjórnenda sem eru með starfsmenn sem taka vaktir á öðrum deildum en sinni heimadeild að lágmarka allt slíkt eins og kostur er. Starfsfólk ætti ekki að fara milli húsa til að taka vaktir á annarri deild. Horfa þarf til afleiðinga þess fyrir rekstur deildar ef hún fær ekki þetta vinnuframlag. Athugið! Þetta á ekki við þegar óskað er eftir vinnuframlagi starfsfólks vegna faraldursins“.

Úr tilkynningu viðbragðsstjórnar og farsóttanefndar 1. apríl 2020:

b. „Viðbragðsstjórn og farsóttanefnd hafa áður gefið út þau almennu tilmæli að starfsfólk legudeilda Landspítala starfi ekki á tveimur stöðum og fari ekki milli húsa. Frá þessu getur verið nauðsynlegt að víkja í sérstökum aðstæðum til að tryggja öryggi sjúklinga og starfsfólks. Slíkt er þá gert með samþykki og leiðsögn farsóttanefndar,„